

21. fundur stjórnar

Starfsárið 2024-2025

4. febrúar 2025

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Kristmundur, Sveinn og Kári
(framkvæmdastjóri)

Fundargerð ritar: Hrönn Svansdóttir

Fundur settur: 15:39

1. Yfirferð og samþykkt síðasta stjórnarfundar

Stjórn fer yfir fundargerð og samþykkir.

2. Takk - tillögur og hugmyndir að hagræðingu

Kári fer yfir tillögur frá Takk. Stjórn ræðir. Stjórn stingur upp á því að það sé sýnilegri takki á heimasíðu. Stjórn biður Kára að setja upp mismunandi samfélagsmiðla pósta fyrir ýmis málefni sem snertir á hinsegin málefni.

3. Hamingjuhlaup

Kári og Hrönn kynna. Hlaupið verður 17. maí í Elliðaárdalnum, en á þessum degi er IDAHOBIT og regnbogakort IGLA Europe verður kynnt. Skipulagning gengur vel en óskað er eftir fleiri höndum bæði í undirbúningi og í framkvæmd á hlaupadegi.

4. Happdrætti

Söfnun vinninga gengur vel. Síðasti dagur að koma með vinninga er 9. febrúar. Sala happdrættis miða fer í gang í kjölfarið.

5. Kynning á rannsókninni Heilsa og líðan hinsegin fólks

Bjarndís kemur með hugmynd að skrifa grein sem mun þá líka tengja inn Hamingju hlaupið. Kári kynnir viðburð hjá Reykjavíkurborg föstudaginn 7. febrúar kl 12:00.

6. Símatími skrifstofu

Kári kynnir tillögur starfsfólks um nýjan símatíma skrifstofu. Netspjall verður innleitt á heimasíðu og tillaga stjórnar verður að tíminn verður 9:00-11:30 í stað 9:30-11:30 líkt og starfsfólk lagði til. Þetta verður prófað í mánuð og svo tekin staða aftur.

7. Önnur mál

Stjórn fékk senda beiðni frá nema úr háskólanum að vinna að verkefni um stefnumótun félagsins. Kári mun halda áfram samskiptum varðandi þetta mál.

Farið var yfir annað trúnaðarmál og fært í trúnaðarbók.

Stjórnarfolk er farið að finna fyrir auknum fordómum á eigin skinni, umræða spannst um atvik.

Fundi slitið: 16:44.